

120

28. des.

15. gr.

Stjórn Slysatryggingarinnar setur eftir því sem þurfa þykir, nánari reglur um framkvæmd og fyrirkomulag tryggingarinnar, og skal það tilkynnt umboðsmönnum Slysatryggingarinnar (skráningarstjórum og lögreglustjórum) með umburðarbréfi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 72, 8. september 1931 um slysatryggingar til að öðlast gildi 1. janúar 1932, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um sama efni útgefin 2. janúar 1926.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. desember 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.

121

28. des.

REGLUGERÐ

um

áhættuflokkun og ákvörðun iðgjalda fyrir slysatryggingar.

Áhættuflokkun.

Frá 1. janúar 1932 ákveðst áhættuflokkun og iðgjöld fyrir slysatryggingar samkvæmt lögum nr. 72, 8. sept. 1931 þannig:

1. áhættuflokkur		15	aurar á viku.
2.	—		25 — — —
3.	—		40 — — —
4.	—		60 — — —
5.	—		75 — — —
6.	—		100 — — —
7.	—		120 — — —
8.	—		130 — — —
9.	—		180 — — —
10.	—		600 — — —

Vikan leggst til grundvallar og er einnig fyrir iðgjaldagreiðslunni, enda þótt kaupið sé miðað við ár, mánuð, dag eða klukkustund. Ef kaupið er tíma-kaup eða dagkaup reiknast 60 klukkustundir eða 6 dagar sem ein vika. Árið reiknast 52 vikur. Telja má saman tíma allra þeirra, sem tryggðir eru í einu, en brot úr viku, sem þá verður afgang, telst sem heil vika.

Iðgjaldaskrá.

121

28. des.

I. Sjómannatryggingin.

A. Skyldutrygging.

	Áhættu- flokkar	Vikugjald fyrir mann
Gufuskip, skipshöfn	7	120 aurar
Róðrabátar, skipshöfn	7	120 —
Mótorskip yfir 12 lestir, skipshöfn	9	180 —
Mótorbátar undir 12 lestir, skipshöfn	9	180 —
Seglskip, skipshöfn	8	130 —
Kafarar	9	180 —

Af iðgjöldum róðrabáta og mótorbáta minni en 5 smálestir greiðir rík-
issjóður $\frac{3}{10}$ hluta.

B. Frjáls trygging.

	Áhættu- flokkar	Vikugjald fyrir mann
Gufuskip, farþegar	7	120 aurar
Róðrabátar farþegar	7	120 —
Mótorskip yfir 12 lesta, farþegar	9	180 —
Mótorbátar undir 12 lestir, farþegar	9	180 —
Seglskip, farþegar	8	130 —
Sjófuglaveiðar, aðrar en bjargfuglaveiðar	9	180 —

II. Iðntryggingin.

A. Skyldutrygging.

1. Ferming og afferming skipa o. fl.

	Áhættu- flokkar	Vikugjald fyrir mann
Aflvélastjórn við jarðyrkju	4	60 aurar
Bifreiðastjórn	4	60 —
Jarðnám (jarðvinna)	4	60 —
Grjótnám (grjótvinna)	4	60 —
Lestarmál í skipum	6	100 —
Námugróftur, jarðborun, grjótsprenging, grjótmulning	5	75 —
Uppskipun og útskipun á bátum og prömmum	6	100 —
Uppskipun og útskipun við bryggju	5	75 —
Vöruhúsavinna	4	60 —
Vöruflutningur í landi í sambandi við ferming og afferming	4	60 —

2. Matvælaíðnaður.

Brauðgerð, kökugerð	1	15	aurar
Brjóstsykur- súkkulaði og konfektgerð	1	15	—
Fiskverkun	2	25	—
Fiskúrgangsvinna (verksmiðjur)	6	100	—
Frystihús, kælihús	4	60	—
Gosdrykkjagerð, ölgerð	3	40	—
Kaffibrennsla, kaffibætisgerð	4	60	—
Lóðabeiting og afbeiting	4	60	—
Mjólkurbú, rjómbú	4	60	—
Íshússtörf, ísvinna	4	60	—
Slátrun, reyking, niðursuða	3	40	—
Sildarbræðsla í verksmiðjum	6	100	—
Sildarkverkun, sildarsöltun	3	40	—
Smjörlikisgerð	3	40	—

3. Vefjaiðnaður.

Færaspuni, netjagerð	1	15	aurar
Klæða- og ullarverksmiðjuvinna	4	60	—
Prjónastofuvinna	1	15	—
Seglasaumur	1	15	—
Sjóklæðagerð	2	25	—

4. Fataíðnaður.

Fatalitun	2	25	aurar
Saumastofuvinna	1	15	—
Skósmiði	1	15	—
Sútun	1	15	—
Þvottahússtörf, línstofuvinna	4	60	—

5. Byggingarstörf o. fl.

Bátasmiðar, bátaviðgerðir	4	60	aurar
Beykisstörf	3	40	—
Brúargerð	6	100	—
Gas-, vatns-, hitaleiðslu- og skolppípulagning við húsagerð	2	25	—
Hafnargerð, bryggjugerð	5	75	—
Húsabyggingar, húsaviðgerðir	4	60	—
Húsgagnfóðrun	1	15	—
Húsgagna- og trésmiðar:			
a. án aflvéla	3	40	—
b. í vélsmiðjum	5	75	—

	Áhættu- flokkar	Vikugjald fyrir mann	121 28. des.
Málarastörf	4	60 aurar	
Múrvinna, múrsléttun	4	60 —	
Símalagning, simaviðgerðir	4	60 —	
Skipasmíðar og viðgerðir	5	75 —	
Sóthreinsun	4	60 —	
Steinhögg	4	60 —	
Steinsteypa (steinn og pípur)	4	60 —	
Söðlasmíðar	1	15 —	
Vatnsvirkjun	4	60 —	
Vegagerð, götugerð, götuleiðslur	4	60 —	
Veggfóðrun	3	40 —	
Vitabyggingar	4	60 —	

6. Málmsmíðar.

Bifreiðaverkstæði	4	60 aurar	
Blikksmíði- og járnsmíði:			
a. án aflvéla	3	40 —	
b. í vélsmíðju	5	75 —	
Gull-, silfur- og úrsmíði	1	15 —	
Járnsteypa	5	75 —	
Logsuða	5	75 —	
Rafmagnslagning	4	60 —	
Reiðhjólaverkstæði	3	40 —	

7. Tekniskur og kemiskur iðnaður.

Acetylengasgerð	4	60 aurar	
Gasgerð (kolagas)	3	40 —	
Gúmmiíðnaður	1	15 —	
Lýsisbræðsla	5	75 —	
Sápugerð	2	25 —	
Síldarbræðsla og vinnsla úr fiskúrgangi	6	100 —	

Bóka- og listiðnaður.

Bókband	1	15 aurar	
Ljósmyndagerð	1	15 —	
Prentið	1	15 —	

9. Opinber störf.

Bæjarpósta- og bréfberastörf	2	25 aurar	
Hafnsögustörf	6	100 —	
Landpóstastörf	6	100 —	

121

28. des.

	Áhættu- flokkar	Vikugjald fyrir mann
Lögregluþjóna- og tollþjónastörf	4	60 aurar
Slökkviliðsstörf	6	100 —
Vitastörf	4	60 —

Þeim tryggingarskyldum atvinnugreinum, sem ekki eru nefndar í iðgjalaskánni, en stundaðar kunna að vera hér á landi, eða upp kunna að koma síðar, heimilast slysaftryggingunni að ákveða í hvaða áhættuflokk skuli skipa.

B. Frjáls trygging.

Stytztí tryggingartími í frjálsri tryggingu er ein vika.

	Áhættu- flokkar	Vikugjald fyrir mann
Bjargfuglaveiði	10	600 aurar
Það skilyrði fyrir því, að bjargfuglaveiði sé tekin í tryggingu, að allir þeir menn séu tryggðir, sem taka þátt í veiðinni		
Búðarstörf	1	15 —
Eldhússtörf	2	25 —
Ferðalög á landi	4	60 —
Fuglaveiðar á landi	6	100 —
Garðyrkja	2	25 —
Gripahirðing	1	15 —
Grjótmulning, grjótsprenging	5	75 —
Grjótvinnu (önnur)	4	60 —
Heyvinna	2	25 —
Hjúkrunarstörf	2	25 —
Húsabyggingar og viðgerðir:		
a. torfhús	3	40 —
b. steinhús, timburhús	4	60 —
Innanhússtörf	1	15 —
Garðvinna, jarðvinnsla með handverkfærum, jarðyrkja	2	25 —
Jarðvinnsla með hestverkfærum	3	40 —
Járnsmiði (án aflvéla)	3	40 —
Landferðalög	4	60 —
Læknar	4	60 —
Sendisveinastörf	2	25 —
Skrifstofustörf	1	15 —
Skurðgröftur	2	25 —
Trésmiði (án aflvéla)	3	40 —

Ef óskað verður frjálsrar tryggingar við önnur störf eða starfsgreindir en talið er í iðgjalaskránni, heimilast Slysaftryggingunni að ákveða, í hvaða tryggingarflokk þau störf eða starfsgreindir skuli falla.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 72, 8. september 1931, um

slysatryggingar til að öðlast gildi 1. janúar 1932, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um sama efni 2. janúar 1926, og reglugerð um breyting á henni útgefin 31. desember 1928. 121 28. des.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. desember 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.

REGLUGERÐ

122

29. des.

um

einkasölu á tóbaki.

1. gr.

Frá 1. janúar 1932 má enginn nema Tóbakseinkasala ríkisins flytja hingað frá útlöndum neina tegund af tóbaki, hvort sem það er unnið eða óunnið og til hvers sem það er ætlað.

Lög þessi taka eigi til skipa, sem komi í landhelgi og hafa innanborðs tóbak, ef tóbaksbirgðir eru eigi, að álitu tollstjóra, meiri en svo, að hæfilegur forði sé handa skipverjum og farþegum. Ef birgðirnar teljast meiri, verður það, sem umfram er, gert upptækt. Þegar sérstakar ástæður mæla með, getur ráðherra látið sektir falla niður, og er heimilt að greiða verð fyrir tóbakið, ef ætla má, að tilætlunin hafi eigi verið að flytja það hér í land.

2. gr.

Tóbak það, sem Tóbakseinkasala ríkisins flytur inn samkvæmt 1. gr., selur hún kaupfélögum, öðrum verzlunarfélögum og kaupmönnum, en eigi öðrum.

3. gr.

Tóbaksbirgðir þær, sem fyrirbyggjandi eru hjá heildsölum 31. desember 1931, kaupir Tóbakseinkasala ríkisins, ef samningar takast um verð, en að öðrum kosti verður á þær lagt gjald, er rennur í ríkissjóð, er nemur allt að 15% af útsöluverði þeirra.

Smásölum er heimilt að selja tóbaksbirgðir sínar fyrirbyggjandi 31. desember 1931, en verði sölu þeirra ekki lokið 1. júlí 1932, verða ný ákvæði sett um, hvernig fara skuli með birgðir þær, sem þá kunna að verða óseldar.

4. gr.

Verzlunin skal leggja frá 10 til 75 af hundraði á tóbak eftir því, sem henta þykir um hverja tegund. Álagning þessa skal miða við verð vörunnar kominnar í hús hér á landi, án tolls. Tóbak til sauðfjárböðunar selst án hagnaðar. Söluverð sé miðað við greiðslu við móttöku.

5. gr.

Tóbakseinkasalan skal greiða hinn lögákveðna tóbakstoll þar, sem tó-